

Starfsendurhæfing
Hafnarfjarðar

Ársskýrsla
2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stjórn og starfsfólk	2
Fjármögnun	2
Húsnæðismál	3
Markhópur, hlutverk og markmið	4
Hugmyndafræði.....	4
Endurhæfingin	4
Þjónusta á starfsendurhæfingarstöð.....	5
Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta	5
Starfsprófun / starfsþjálfun	6
Samstarf.....	6
Starfsemi ársins	7
Þátttaka	7
Kynjahlutfall.....	8
Aldur	8
Staða nýrra þátttakenda í árslok	9
Árangur allra sem luku þjónustu	9
Straumar og stefnur	10
Samantekt / lokaorð.....	11

Myndir

Mynd 1. Fjöldi þátttakenda frá Virk starfsendurhæfingarsjóði	3
Mynd 2. Tilvísundur 2019	7
Mynd 4. Tilvísanir 2019, kyn þátttakenda	8
Mynd 5. Tilvísanir 2019. Aldur þátttakenda, ár	8
Mynd 3. Þátttakendur sem hófu þátttöku 2019, staða í árslok	9
Mynd 6. Staða þátttakenda sem luku þátttöku 2019	9

Inngangur

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni (non-profit). Hlutverk hennar er að sinna starfsendurhæfingu. Stofnaðilar voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkraþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf og eiga þeir allir aðild að stjórn.

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2019 er samantekt á starfsemi félagsins og rekstrarreikningur fyrir almanaksárið 2019.

Stjórn og starfsfólk

Aðalfundur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar var haldinn 6.mái 2019.

Á aðalfundi var einn aðalmaður endurkjörinn til tveggja ára og þrír varamenn endurkjörnir fyrir sama tímabil.

Stjórn er þannig skipuð að aðalmenn eru: Árni Rúnar Þorvaldsson, Kolbeinn Gunnarsson og Gunnar Viktorsson sem sitja til 2020 og Karl Rúnar Þórsson og Valdimar Víðisson sem sitja til 2021. Varamenn eru Fjölur Sæmundsson og Hrafnhildur Pálsdóttir sem sitja til 2020 og Haraldur Sæmundsson, Kristín Thoroddsen og Linda Baldursdóttir sem sitja til 2021.

Skoðunarmenn reikninga eru Ingvar Reynisson og Ólafur Pétursson. Formaður stjórnar er Karl Rúnar Þórsson. Á árinu 2019 voru haldnir 3 stjórnarfundir.

Stöðugildi hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar á árinu 2018 voru 5. Á árinu 2018 voru 9 einstaklingar á launaskrá hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar.

- Anna Guðný Eiríksdóttir, sjúkraþjálfari og menntunarfræðingur. Hún er framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar.
- Auður Sigurgeirsdóttir móttökuritari.
- Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir, iðjuþjálfari og MS í heilbrigðisvísindum.
- Harpa Þórðardóttir, ráðgjafarsálfræðingur.
- Helga Dögg Helgadóttir, sálfræðingur frá 1. apríl.
- Jón Ingi Hákonarson, leikari, markþjálfari og viðskiptafræðingur.
- Kristín Garðarsdóttir, djákni og áfengisráðgjafi.
- Sigrún Arnardóttir, sálfræðingur til 31.mars.

Auk þess að sinna ráðgjöf við þátttakendur og vera tengiliðir þeirra við fagaðila í öðrum þjónustukerfum kennir fagfólk á námskeiðum og veitir sérfræðiráðgjöf hvert á sínu sviði. Meiri hluti fræðslu / kennslu þátttakenda er í höndum starfsmanna.

Fjármögnun

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2019 var fjármögnuð af sölu þjónustu. Kaupendur þjónustu voru Hafnarfjarðarbær og Virk starfsendurhæfingarsjóður.

Þátttakendur í fullri þjónustu frá Virk endurhæfingarsjóði voru að meðaltali 41 í hverjum heilum mánuði sem þjónusta var veitt á árinu 2019. Mikil fækkun hefur orðið á þátttakendum frá Virk starfsendurhæfingarsjóði frá árinu 2016 sbr. töflu 1.

Fjöldi þátttakenda frá Virk í fullri þjónustu:

ÁR	2016	2017	2018	2019
jan	65	50	44	43
feb	59	41	51	39
mar	58	49	47	41
apr	54	46	50	41
maí	53	41	47	36
jún	52	42	50	33
ágú	49	39	33	31
sep	51	42	34	33
okt	56	48	38	38
nóv	50	46	37	36
des	63	45	35	35
	610	489	466	406
júl			20	13
meðaltal (án júlí)	55	44	42	37

Lokað í júlí þar til 2018

Mynd 1. Fjöldi þátttakenda frá Virk starfsendurhæfingarsjóði

Fækkun tilvísana hefur orðið þrátt fyrir mikla aukningu á aðsókn í þjónustu Virk starfsendurhæfingarsjóðs og að stærri hluti umsækjenda um þjónustu þar glími við flóknari vanda en áður (Ársrit Virk 2019). Á það við um aðrar stöðvar sem veita heildstæða starfsendurhæfingu sem aðild eiga að Byr, samtökum starfsendurhæfingarstöðva. Þessi fækkun einstaklinga frá Virk veikir fjárhagsgrunn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar og dregur úr hagkvæmni vegna færri þátttakenda á hverju námskeiði.

Ítrekað hefur verið óskað eftir skýringum frá Virk og meðal annars funduðu framkvæmdastjóri og formaður stjórnar með framkvæmdastjóra Virk og sérfræðingum, en það hefur engu breytt.

Ekki hafa fengist skýringar eða staðfesting á að um stefnubreytingu hjá sjóðnum sé að ræða. Sjóðurinn sjálfur hefur sinnt mikilli starfsendurhæfingaráþjónustu síðustu ár, t.d. í tengslum við vinnutengingu og þjónustu við ungt fólk. Vinnutenging hjá sjóðnum byrjaði sem þróunarverkefni, en er nú orðin fastmótuð þjónusta sem sinnt er af starfsmönnum sjóðsins. Ljóst er að þetta hlýtur að hafa áhrif á að kaup á svipaðri þjónustu hjá þjónustuaðilum.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar og Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar tóku á ný upp formlegt samstarf í árslok 2018 um starfsendurhæfingu fólks sem er á framfærslu hjá Hafnarfjarðarbæ og sérfræðingar bæjarins telja að þurfi á starfsendurhæfingu að halda. Ýmist er þar um að ræða fólk sem er ekki með skilgreindan heilsubrest eða hefur sótt um þjónustu hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði en ekki þótt líklegt til þess að geta sinnt starfsendurhæfingu.

Húsnæðismál

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar fer fram að Flatahrauni 3. Eigandi hússins og leigusali er Verkalýðsfélagið Hlíf. Í húsinu er einnig Hraunsel, félagsmiðstöð aldraðra og öryrkja.

Markhópur, hlutverk og markmið

Þátttaka í starfsendurhæfingu hentar þeim sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, hafa misst vinnu eða þurft að hætta störfum t.d. vegna sjúkdóma, slysa eða erfiðra félagslegra aðstæðna og vilja komast til virkni á vinnumarkaði á ný. Þetta fólk er markhópur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar samkvæmt skipulagsskrá.

Hlutverk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er að sinna starfsendurhæfingu fólks í markhópnum og aðstoða það til þess að verða virkt á vinnumarkaði á ný. Samkvæmt skipulagsskrá eru markmið starfsins:

- *Að þátttakendur komist í vinnu eða nám til þess að styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaði. Unnið er að því með þátttakendum að greina stöðu þeirra, hjálpa þeim að setja sér framtíðarmarkmið, finna leiðir og vinna að þeim.*
- *Að lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra aukist. Skert vinnufærni getur leitt til vítahringis félagslegrar einangrunar, fjárhagsvanda og varanlegs heilsuleysis og jafnvel kollvarpað daglegu lífi einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þátttaka í atvinnutengdri endurhæfingu getur rofið vítahringinn og aukið lífsgæði.*
- *Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð. Reynslan sýnir að það er þátttakendum afar mikilvægt að hafa aðgang að þjónustu í sinni heimabyggð. Minni tími fer í ferðalög, þeir losna við streituna sem fylgir umferðarpunga á álagstímum og síðast en ekki síst eru boðleiðir milli ýmissa þjónustustofnana tiltölulega greiðar og viðbragðstími stuttur.*

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar byggir á svonefndu "Húsavíkurmódeli". Meginstef hugmyndafræðinnar er að frá upphafi komi þátttakendur að sinni endurhæfingu með virkum hætti og að í endurhæfingunni sé unnið með þá þætti sem þeir telja hindra þátttöku sína á vinnumarkaði. Hver þátttakandi gerir áætlun með aðstoð ráðgjafa Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Samvinna og samráð er haft við tilvísandi aðila við mótun endurhæfingaráætlana einstaklinga og í áætlun kemur fram hverjir áhersluþættir endurhæfingarinnar eru og í hverju hún felst. Lögð er áhersla á að hjálpa þátttakendum á að átta sig á og ná að nýta eigin styrkleika, auka virkni sína og frumkvæði til þess að taka ábyrgð á eigin velferð.

Endurhæfingin

Endurhæfingin er heildstæð, beitt er teymisvinnu bæði innanhúss og í samvinnu við fagfólk mismunandi þjónustukerfa og ýmsa aðra sem lagt geta hönd á plóg. Allir þátttakendur fá einstaklingsráðgjöf og stuðning. Hver þátttakandi hefur ákveðinn ráðgjafa í hópi starfsmanna og áhersla er lögð á virkni þátttakenda og ábyrgð þeirra sjálfra á eigin málefnum. Ráðgjafinn er tengiliður milli þátttakenda og þeirra fagmanna t.d. í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem hafa með málefni þeirra að gera og annarra sem veitt geta aðstoð og stuðning í endurhæfingunni.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjubjálfa, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, sjúkráþjálfara, menntastofnanir, kennara og námskeiðshaldara.

Þjónusta á starfsendurhæfingarstöð

Þjónusta á starfsendurhæfingarstöð er heildstæð þjónusta, en það þýðir að allt utanumhald um endurhæfingu þátttakenda er á stöðinni, þar eru gerðar áætlanir með einstaklingum miðað við þeirra þarfir á hverjum tíma, málum fylgt eftir og áætlanir aðlagðir ef þörf krefur í samvinnu við þá. Líta má á þjónustu á starfsendurhæfingarstöð sem eina alls herjar sjálfseflingu sem hefur það markmið að auka færni fólks og trú þess á eigin getu með því að hjálpa því að koma auga á og nýta eigin styrkleika og efla það til þess að draga úr eða vinna bug á hindrunum.

Á starfsendurhæfingarstöð hefur fólk tækifæri til þess að vera samferða öðrum á sömu leið, hjálpast að og þjálfast í samskiptum við ólíka einstaklinga og njóta leiðsagnar fagfólks í því mikilvæga ferli. Mikið er lagt upp úr því hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar að skapa umgjörð og umhverfi sem einkennist af skilningi og samvinnu þar sem fólki geti liðið vel, gagnkvæm virðing, umburðarlyndi og traust ríki og allir eigi rétt á að á þá sé hlustað. Samskiptabáttur starfsins er afar mikilvægur til þess að þjálfast félagslega færni, æfa samvinnu, endurmeta viðhorf og búa sig undir þátttöku í námi og starfi í nútíma þjóðfélagi. Það staðfesta niðurstöður flestra rannsókna sem gerðar hafa verið á upplifun þátttakenda á því sem gagnast þeim í starfsendurhæfingu. Hann er hins vegar oft vanmetinn liður í endurhæfingunni og fær minna vægi en hann á skilið þegar úrræði og þjónusta er skipulögð og um þau fjallað opinberlega.

Þjónusta stöðvarinnar er einstaklingsmiðuð, en fer að hluta til fram í hóp. Í stað þess að sækja þjónustu vítt og breytt á höfuðborgarsvæðinu mæta þátttakendur daglega í starfsstöðina að Flatahrauni 3 og taka þátt í fjölbreyttum námskeiðum, hópstarfi og fræðslu sem miðast við þarfir þeirra. Þeir fylgja stundaskrá sem myndar eins konar ramma um starfið og gagnast vel til þess að byggja upp og halda góðum daglegum takti. Til viðbótar við námskeiðin eru þátttakendur í fjölbreyttri þjónustu hjá mismundandi sérfræðingum eftir þörfum hvers og eins.

Einstaklingar eru misjafnlega lengi í endurhæfingu og geta hætt og hafið störf á vinnumarkaði hvenær sem þeir eru tilbúnir til og tækifæri bjóðast. Þátttakendur hafa ólíkar þarfir og til þess að koma sem best á móts við þær mismundandi leiðir í endurhæfingunni sem taka mið af þörfum þátttakenda hverju sinni og eru stöðugt í þróun.

Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta

Auk fastra liða á hverri endurhæfingarleið getur ráðgjöf ýmissa sérfræðinga verið hluti endurhæfingar þeirra þátttakenda sem á þurfa að halda.

Á árinu voru haldin ýmis námskeið fyrir þátttakendur. Sum námskeiðin flokkast undir n.k. kjarnanámskeið sem er hluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Dæmi um slík námskeið er fjármálanámskeið, heilsufræðsla, hópefli, markmiðasetningarnámskeið og námskeið tengd vinnumarkaðnum s.s. mat á almennri starfshæfni og námskeið um venjur og viðhorf. Önnur námskeið eru sértækari og miðast við þarfir og vanda þeirra þátttakenda sem eru í þjónustu hverju sinni. Dæmi um slík námskeið eru t.d. tölvunámskeið fyrir byrjendur, uppeldisnámskeið, meðvirknihópar, námskeið vegna ADHD, svefnnámskeið, HAM sjálfseflingarnámskeið, kvíðanámskeið, námskeið í slökun, núvitund, um næringu og heilsu, matreiðslu og myndlist.

Fræðsla er að mestu leyti í höndum fastra starfsmanna Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Auk þeirra komu margir verktakar að starfinu, veittu sérfræðiráðgjöf og sáu um hluta fræðslu og kennslu þátttakenda. Meðal þeirra sem kenndu á námskeiðum eða sáu um ákveðna þjónustu voru:

- Gréta Jakobsdóttir, næringarfræðingur kenndi námskeið um næringu og veitti næringarráðgjöf
- Katrín Garðarsdóttir, fjármálaráðgjafi og kennari kenndi, fjármálanámskeið, sjálfseflingarnámskeið og veitti þátttakendum fjármálaráðgjöf
- Kári Halldór Þórsson, leikari og leikstjóri með námskeið um tjáningu
- Laufey Brá Jónsdóttir leikari, guðfræðingur og viðskiptafræðingur kenndi á vinnumarkaðstengdu námskeiði
- Sveinbjörn Sigurðsson sjúkráþjálfari var þátttakendum til ráðgjafar varðandi líkamsrækt og kom að fræðslu
- Sérfræðingar frá Mími símenntun kenndu á námskeiði um mat á almennri starfshæfi sem haldið var í samvinnu við Mími

Ýmsir sérfræðingar héldu fræðsluerindi fyrir þátttakendur um margvísleg mál sem tengjast heilsu, heilsueflingu og vinnu og vellíðan.

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf felst meðal annars

- Fjármálaráðgjöf
- Fjölskylduráðgjöf
- Iðjuþjálfun
- Markþjálfun
- Náms- og starfsráðgjöf
- Næringarráðgjöf
- Ráðgjöf um líkamsrækt
- Ráðgjöf og meðferð sjúkráþjálfara
- Sálfræðiviðtölum
- Stuðningsviðtölum hjá tengilið Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar
- Svefnráðgjöf

Starfsprófun / starfsþjálfun

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur langa reynslu af samstarfi við ótal fyrirtæki um starfsprófanir þátttakenda á vinnumarkaði og hefur það verið lokahluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Þeir hafa þá verið misjafnlega lengi í endurhæfingu, en starfsprófunin hefst þegar þeir eru tilbúnir til þess að stíga skrefið til þess að láta reyna sig í vinnu, oftast með stigvaxandi ákefð. Í starfsprófun fara þeir á vinnustað eða inn á starfssvið sem þeir hafa valið sjálfir með eða án aðstoðar starfsfólksins, mæta þar til starfa reglulega og láta reyna á vinnugetu sína og vinnuþrek.

Á meðan starfsprófun stendur er margvíslegur stuðningur í boði bæði fyrir þátttakendur, vinnustaði og tengiliði þar og skipulagt utan um hald með reglulegri eftirfylgd. Þetta hefur gefið góða raun og gengið vel í prýðilegu samstarfi við atvinnurekendur.

Samstarf

Með því að koma á eða auka samvinnu milli ólíkra kerfa er reynt að hámarka árangur þjónustunnar sem þau geta veitt. Þess vegna er mikilvægt að byggja upp samstarf við alla sem geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar til þess að þátttakendur nái árangri í endurhæfingunni og geti

gert þær breytingar á lífi sínu sem þeir stefna að. Þátttakendur í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar koma víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu og því er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við mjög margar þjónustustofnanir og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu s.s. heilsugæslustöðvar og félagsþjónustur sveitarfélaga.

Samstarf við Virk starfsendurhæfingarsjóðs og ráðgjafa sjóðsins hjá stéttarfélögum er afar mikilvægt og nauðsynlegt að þar ríki gagnkvæmt traust. Sameiginleg rýni mála þátttakenda með tilvísandi ráðgjöfum og sérfræðingum Virk er fastur liður í samstarfi við sjóðinn. Þar er farið yfir framgang endurhæfingar og næstu skref ákveðin.


Tengiliðir Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar og Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar funda reglulega.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er aðili að Byr, samtökum starfsendurhæfingarstöðva sem starfa á samfélagslegum grunni (non-profit). Gott samstarf er við þær starfsendurhæfingarstöðvar og forsvarsmenn þeirra funda reglulega. Stöðvarnar eiga samstarf um fagleg málefni og sameiginlegur tveggja daga fundur starfsmanna á var haldinn á Akureyri í september 2019.

Prýðilegt samstarf er við Mími símenntun og nokkuð um að þátttakendur stundi nám þar sem hluta sinnar endurhæfingar. Þá hefur einnig verið samvinna um námskeiðshald hjá með sameiginlegu utanumhaldi og góð samvinna við námsráðgjafa Mímis.

Starfsemi ársins


Þátttaka



Mynd 2. Tilvísendur 2019

70 einstaklingum var vísað í þátttöku á árinu 2019, en 7 þeirra hófu ekki þátttöku. Frá Virk starfsendurhæfingarsjóði komu 53, hinir komu frá Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og Vinnumálastofnun. Auk þess héldu 35 þátttakendur áfram í þjónustu frá fyrra ári þannig að 98 manns voru í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar einhvern hluta ársins 2019.


Kynjahlutfall



Mynd 3. Tilvísanir 2019, kyn þátttakenda

Sem fyrr voru konur í meirihluta þeirra sem vísað var í endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, en kynjahlutföll voru jafnari en verið hefur. Á árinu 2018 voru konur 54% en þær voru 64% 2018.

Aldur




Mynd 4. Tilvísanir 2019. Aldur þátttakenda, ár

Ungum þátttakendum hélt áfram að fjölga og liðlega 70 % nýrra þátttakenda var 30 ára eða yngri, en það hlutfall var 58% á árinu 2018. Hlutfall elsta hópsins var óbreytt milli ára, 7 %.

Þátttakendur geta hætt í endurhæfingu hvenær sem er t.d. ef þeir fá vinnu og treysta sér til þess að fara á vinnumarkað eða í nám. Í sumum tilfellum hafa þeir þá fengið eftirfylgd og stuðning fyrstu skrefin á vinnumarkaði eða námi. Þátttakendur í fullri þjónustu árið 2019 voru að meðaltali 41 frá Virk og 3-10 frá öðrum í hverjum mánuði og í eftirfylgd voru 4 – 5.


Staða nýrra þátttakenda í árslok



Mynd 5. Þátttakendur sem hófu þátttöku 2019, staða í árslok

Um áramót 2019 / 2020 voru 30 manns af 70 sem vísað hafði verið í þjónustu einhvern tímann á árinu 2019, enn í þjónustu, 24 þeirra höfðu lokið þjónustu, 8 hættu, 1 flutti milli landshluta og eins og áður hefur komið fram hófu 7 þeirra sem vísað var, ekki þátttöku.

Árangur allra sem luku þjónustu



Mynd 6. Staða þátttakenda sem luku þátttöku 2019

59 manns luku endurhæfingu 2019 og 2 fluttu milli landshluta. Af þeim sem luku endurhæfingu fóru 58% beint í nám, starf eða atvinnuleit, 16% héldu áfram endurhæfingu annars staðar, 10% fóru í örorkumat hjá TR og 12% fóru aftur til ráðgjafa eða í starfsgetumat hjá Virk, en Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur takmarkaðar upplýsingar um hvað við tók hjá því fólki

eftir að það hætti í þjónustu stöðvarinnar. Þar er um að ræða þrjá hópa: 1) þau sem ekki stóðust þær kröfur sem gerðar eru um ástundun og virkni t.d. vegna veikinda (þar á meðal fíknisjúkdóms) 2) þjónusta Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar hentar viðkomandi ekki og 3) þau sem fara í starfsgetumat hjá Virk vegna þess að vinnugeta reynist takmörkuð.

Straumar og stefnur

Talsvert hefur borið á gagnrýni á stjórnvöld undanfarin ár um óljósa stefnu varðandi starfsendurhæfingu og kallað hefur verið eftir að þau marki skýra stefnu á sviðinu öllu. Lög um starfsendurhæfingarsjóði nr. 60 25.júní 2012 fela starfsendurhæfingarsjóðum hafa umsjón með starfsendurhæfingu á Íslandi og fjármagna viðeigandi úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Sjóðunum er ætlað að þjónusta fólk með heilsubrest og tryggðu því fólki mikið bætt aðgengi að þjónustu og mörkuðu þáttaskil varðandi fjármögnun þjónustunnar.

Virk starfsendurhæfingarsjóður, er eini starfsendurhæfingarsjóðurinn á Íslandi og stærsti aðilinn sem fjármagnar slíka þjónustu á landinu öllu. Síðasta áratuginn hefur hann leikið æ stærra hlutverk í að móta nálgun í starfsendurhæfingu og þar hefur mikill tími og orka farið í að búa til verkferla og útfæra framkvæmd laga um starfsendurhæfingarsjóði, enda hefur lítið komið frá yfirvöldum um þá hluti. Gagnrýnt hefur verið hve mörgum umsóknum um þjónustu Virk vísar frá, en samkvæmt upplýsingum frá Virk eru einkum tvær ástæður fyrir frávísunum, annars vegar vegna þess að starfsendurhæfing er ekki talin raunhæf á þeim tímamarki og hins vegar að fólk fellur ekki undir það skilyrði að vera með skilgreindan heilsubrest og á því ekki rétt á þjónustu sjóðsins samkvæmt laganna hljóðan.

Ráðamönnum hefur ítrekað verið bent á að þjónustuúrræði skortir fyrir fólk sem þarf á starfsendurhæfingu að halda, en ekki er með skilgreindan heilsubrest. Sum þeirra geta snúið sér til Vinnumálastofnunar, en annars er fátt um úrræði fyrir þennan hóp. Hafnarfjörður er eitt fárra sveitarfélaga sem hefur boðið sínu fólki starfsendurhæfingarsjóði og eins og áður hefur komið fram er samningur í gildi milli Starfsendurhæfingar Hafnarfjarða og Hafnarfjarðarbæjar um slíka þjónustu.

Yfirvöld hafa tekið við sér og í júní 2017 skipaði félagsmálaráðherra faghóp um mótun og innleiðingu starfsgetumats og skilaði hann tillögum sínum í febrúar 2019. Þar er lagt til að komið verði á nýju kerfi starfsendurhæfingar og mats á starfsgetu sem fælist meðal annars í virku samstarfi heilsugæslu, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og Tryggingarstofnunar til þess að tryggja rétt allra þeirra sem þurfa starfsendurhæfingu. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða nálgun í allri þjónustu og matsferli einstaklinga með skerta starfsgetu og samfellu í þjónustu óháð því innan hvaða þjónustukerfis hún er veitt. Náí tillögurnar fram að ganga hillir því vonandi undir að allir sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda, hvort sem þeir hafa skilgreindan heilsubrest eða ekki, geti átt kost á þjónustu við hæfi.

Heilbrigðisráðherra skipaði síðan starfshóp í ágúst 2019 til þess að undirbúa stefnu í endurhæfingu, þar á meðal starfsendurhæfingu.

Samantekt / lokaorð

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hóf starfsemi haustið 2008 og varð því 10 ára árið 2018. Af því tilefni var gefið út myndarlegt afmælisrit, sem kom út í janúar 2019. Ritið var hið glæsilegasta og nær alfarið unnið af þátttakendum í starfsendurhæfingu og var þeim til mikils sóma.

Athyglisvert er að meðalaldur þátttakenda hefur lækkað jafnt og þétt undanfarin ár og er það mikið áhyggjuefni. Virðist hér vera um að ræða þjóðfélagslegar breytingar sem þarf að sporna gegn með sameiginlegu átaki margra og sem betur fer er unnið að því hörðum höndum víða í þjónustukerfum að reyna að snúa þessari þróun við. Þessi þróun hefur endurspeglast í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eins og margra annarra og í síðustu ársskýrslu var meðal annars fjallað um þróunarverkefni þess árs sem sneri að þróun nýs úrræðis fyrir ungt fólk sem hefur gefið góða raun.

Fáar tilvísanir frá Virk eru mikið áhyggjuefni í ljósi þess að fólk í þjónustu á vegum sjóðsins hefur fjölgað og fleiri glíma þar við fjölpættan vanda. Fækkun tilvísana veikir fjárhagsgrunn stöðvarinnar og getur komið niður á þjónustu þar sem hópúrræði verða hlutfallslega dýrari og svigrúm til fjölbreytni minnkar.

Samstarf stöðvarinnar við Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar hefur fest sig í sessi og hafa fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu lýst áhuga á að skoða möguleika á samstarfi um starfsendurhæfingu síns fólks. Eru sveitarfélög með þessu að bregðast við lélegu aðgengi fólks, sem ekki glímir ekki við skilgreindan heilsubrest að þjónustu á sviði starfsendurhæfingar. Tillögur starfshóps um nýja stefnu í starfsendurhæfingu frá febrúar 2019 snúa að lausn þess vanda. Nái tillögurnar fram að ganga er útlit fyrir að allir sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda, hvort sem þeir hafa skilgreindan heilsubrest eða ekki, geti átt kost á þjónustu við hæfi.